
FORNLEIFASKRÁNING Í FÁSKRÚÐSFIRÐI: VIÐBÓT VEGNA BREYTINGA Á LÍNULÖGN

Greinargerð



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS896-22391

Reykjavík 2022

Fornleifastofnun Íslands



Mynd á forsíðu er hluti af korti 114 í kortaröðinni Uppdrættir Íslands frá 1938. Á kortinu sést staðsetning Kappeyrar vel, þ.e. næsti bær utan við þéttbýlið á Fáskrúðsfirði.

© 2022

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Greinargerðin fjallar um fornleifaskráningu í Fáskrúðsfirði, á um 2 km löngu svæði við bæinn Kappeyri. Skráningin var unnin í september að beiðni RARIK sem vinnur nú að lagningu rafstrengjar/ljósleiðara á svæðinu. Línulögnin nær yfir mun lengra svæði sem var skráð á fyrrihluta árs 2022. Ráðgerð lega tók hins vegar smávægilegum breytingum á um 2 km kafla haustið 2022 og af þeim sökum var þörf á frekari skráningu. Engar fornleifar fundust innan svæðis.

Efnisorð: Fornleifaskráning, Fáskrúðsfjörður, Fjarðarbyggð, Kappeyri, RARIK, Fornleifastofnun Íslands, rafstrengur, ljósleiðari

Summary


This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in September 2022 in Fáskrúðsfjörður, in Fjarðarbyggð municipality. The survey was commissioned by Iceland State Electricity (RARIK) in relation to a new powerline in the municipality. The survey was carried out within a 2 km long and 30 m wide area. No archaeological sites were surveyed within the area.

Keywords: Detailed survey, Fáskrúðsfjörður, Fjarðarbyggð, RARIK, Power line, Fibre optic cable, Institute of Archaeology in Iceland

1. Inngangur

Á haustdögum 2022 óskaði RARIK eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér litla fornleifaskráningu vegna breytinga á legu rafstrengs/ljósleiðara í norðanverðum Fáskrúðsfirði, við bæinn Kappeyri. Línulögin liggur yfir mun stærra svæði og fornleifaskráning var gerð vegna þess fyrri hluta árs 2022.¹ Um haustið kom í ljós að breyta þyrfti ráðgerðri legu á 2 km kafla og var það svæði til úttektar að þessu sinni. Auk fyrri línuskráningar 2022 hafði Þjóðminjasafn Íslands unnið aðalskráningu innan þéttbýlisins á Fáskrúðsfirði árið 2002 og var úttektarsvæðið að litlum hluta innan þess.²

Skráningin fór fram í byrjun september 2022. Úttektarsvæðið var um 2 km að lengd og alls var tekið úr 30 m breitt belti, 15 m til hvorrar áttar frá miðlínu. Svæðið liggur til suðvesturs, frá heimatúni Kappeyrar, upp brekku á „stall“ sem þar er. Línulögnin mun liggja eftir þessum stalli og kemur inn á upphaflegt úttektarsvæði ofan við Hafnargötu 1 austast í þéttbýlinu á



Úttektarsvæðið er merkt inn á innfellt Íslandskort sem rauður punktur.

1 Rannveig Þórhallsdóttir, 2022.

2 Guðný Zoëga, 2002

Fáskræðsfirði. Áður en skráningin hófst voru tvær tillögur af legu línu við bæinn Kappeyri til skoðunar en eftir samtal við ábúanda var þriðja tillagan sett fram og varð hún fyrir valinu. Við vettvangsgöngur var lega línulagnar merkt með stikum og mæld upp úr jafnóðum af skrásetjara og tveimur starfsmönnum RARIK. Skráningin var unnin af fornleifafræðingnum Ragnheiði Gló Gylfadóttur sem jafnframt sá um ritun greinargerðar. Allar loftmyndir í greinargerðinni eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging greinargerðarinnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í greinargerðinni er heimildaskrá og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur,

álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum,
venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í
hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum
og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum
sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun
Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgrafar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Helstu niðurstöður

RARIK á Austurlandi vinnur að línulögn í Fáskrúðsfirði, Fjarðarbyggð. Úttekt var gerð vegna hennar fyrri hluta árs og vísast til skýrslu Rannveigar Þórhallsdóttur um það verk. Haustið 2022 kom í ljós að víkja þyrfti frá áætlaðri legu á um 2 km kafla í landi Kappeyrar til austurs og yfir í land Fáskrúðsfjarðar (Fjarðarbyggðar) til vesturs. Er þessi samantekt um þá úttekt sem unnin var í september 2022. Úttektarsvæðið var 30 m breitt og austasti hluti þess ákveðin á vettvangi í samráði við landeigenda og starfsmenn RARIK. Áður tilheyrði allt svæðið Kappeyri en við stofnun Búðahrepps árið 1907 lenti vesturhluti Kappeyrar þar innan.³

Línulögnin mun fara yfir óraskað svæði, vestan við heimatún Kappeyrar og sameinast aftur upphaflegri línu ofan við Hafnargötu 1. Úttektarsvæðið er í brattri brekku og jarðvegur einkennist af þunnri gróðupekju, lækjum og rofi. Ekki voru þekktar minjar á svæðinu áður en vettvangsskráning hófst og var talið að lítilla minja væri þar að vænta enda er svæðið í bratta og nær að mestu yfir úthaga jarðarinnar. Austurhluti úttektarsvæðisins fer nærri heimatúni Kappeyrar en túngarður afmarkaði það ekki. Tóftir fjárhúsa sem féllu úr notkun um 1970-1980 eru skammt austan við áhrifasvæðið en það er líklega byggt um 1930 og ekki sýnt á túnakorti. Engar minjar voru því skráðar innan úttektarsvæðis.

3 Ö-Kappeyri, 1: Sveitir og Jarðir í Múlaþingi III, 216

Heimildir

Ármann Halldórsson. 1976. *Sveitir og Jarðir í Múlapingi III*. Egilsstaðir, Búnaðarsamband Austurlands.

Guðný Zoëga. 2002. *Fornleifaskráning í Búðahreppi*. Rannsóknarskýslur 2002: 2. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Rannveig Þórhallsdóttir. 2022. *Fornleifaskráning fyrir RARIK vegna línulagnar, frá Búðaströnd að Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, Fjarðarbyggð*. Útgáfustað vantar, Sagnabrunnur.

Túnakort 1920. Fáskrúðsfjarðarhreppur. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: https://skjalasafn.is/tunakort_i_thjodskjalasafni_islands

Ö-Kappeyri. [Án ártals]. Stefán Einarson skráði eftir Björgvini Einarssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Minjakort

